

Mánaðaryfirlit  
**2017**

fjs

**Október**





# Inngangur

Reikningsskil ríkissjóðs grundvallast á lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál. Þessi lög taka við af lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins sem hafa gilt um reikningsskilin frá árinu 1998. Í 60. gr. laganna er fjallað um mánaðarlegt uppgjör Fjárslu ríkisins sem taka eigi saman greiðsluhreyfingar A-hluta ríkissjóðs vegna næstliðins mánaðar með samanburði við áætlanir innan ársins og útkomu sama tímabils á undan. Þar eigi að koma fram upplýsingar um innheimtar tekjur, greidd gjöld, fjárfestingu, fjármögnun og skuldastöðu.

Með lögum um opinber fjármál er verið að gera grundvallarbreytingar á reikningsskilum ríkissjóðs. Þá er jafnframt verið að gera breytingar á fjárlagagerð og áætlanagerð og allt þetta hefur í för með sér breytta framsetningu milliuppgjöra og skýrslna. Árið 2017 er fyrsta árið þar sem reikningsskilin eru samkvæmt nýjum stöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir ríkissjóð í heild og ársreikningalögum fyrir einstaka stofnanir. Innleiðing á breyttum reikningsskilum er umfangsmikið verkefni sem er ekki lokið og er gert ráð fyrir að hún taki að minnsta kosti þrjú ár. Nú er gefið út yfirlit fyrir fyrstu tíu mánuði ársins 2017 í nýrri framsetningu en þetta yfirlit verður í þróun yfir árið 2017 eftir því sem innleiðingunni vindur fram til að það þjóni hlutverki sínu sem best.

Yfirlitið nú samanstendur af eftirfarandi yfirlitum:

- Rekstrarreikningur
- Sjóðsstreymi
- Sundurliðun tekna
- Yfirlit yfir málefnasvið
- Yfirlit yfir málefnasvið skipt niður á eðli útgjalda
- Yfirlit yfir hagræna skiptingu
- Lánayfirlit

**Mánaðaryfirlit ríkissjóðs** fyrir janúar – október 2017 liggur nú fyrir. Í aðalatriðum gefur það upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna á tímabilinu og gjaldfærðra gjalda. Í þessu uppgjöri er ekki búið að taka tillit til ýmissa fjárskuldbindinga og krafna sem áfallnar eru á árinu, bæði á tekju- og gjaldahlíð, sem ekki hafa áhrif á greiðslur úr ríkissjóði. Unnið verður að því samhliða innleiðingu nýrra reikningsskilastaðla að færa mánaðarleg og ársfjórðungsleg uppgjör frá greiðslugrunni yfir á rekstrargrunn eins og hægt verður. Við þá breytingu verður gætt að samræmi við framsetningu áætlana.

Áætlanatölur í þessu mánaðaryfirliti byggja á dreifingu fjárveitinga sem aftur byggja á samþykktum rekstraráætlunum og áætlaðri dreifingu tekna innan ársins. Jafnframt er búið að taka tillit til fluttrar fjárheimildastöðu frá fyrra ári og kemur hún að fullu inn í byrjun árs en er ekki dreift yfir árið. Ónýttar fjárveitingar nema nettó samtals 19,6 milljörðum króna. Ljóst er að einhverjir fjárlagaliðir gera ráð fyrir að nýta ónýttar fjárveitingar frá fyrra árum og aðrar gera ráð fyrir að greiða upp halla.

Áhrif nýrra reikningsskilaaðferða eru eins og áður segir ekki komin að fullu inn í þetta yfirlit. Stofnefnahagsreikningar fyrir 1.1.2017 liggja ekki fyrir en í þeim er meðal annars gert ráð fyrir að færa upp varanlega rekstrarfjármuni og orlofsskuldbindingu. Búið er að færa varanlega rekstrarfjármuni hjá

um 170 stofnunum og byrjað að gjaldfæra afskriftir á eldri eignum. Ekki er búið að færa inn stærri eignir ríkissjóðs og er unnið að endurmati þessara eigna. Ekki er farið að færa eignarhluti í félögum samkvæmt hlutdeildaraðferð. Gert er ráð fyrir innleiðingartíma 2017–2019 og er því ekki gert ráð fyrir að reikningsskilin verði að fullu í samræmi við lög um opinber fjármál fyrir en í lok árs 2019. Þó má gera ráð fyrir að stór hluti verði inni í ríkisreikning fyrir árið 2017 í samræmi við innleiðingaráætlun og skilgreindar reikningsskilaaðferðir. Þegar horft er á samstæðu A-hluta ríkissjóðs gera staðlar ráð fyrir að í henni verði búið að eyða út innbyrðisfærslum, bæði innan stofnana og á milli fjárlagaliða. Unnið er að þeirri breytingu en ekki er búið að taka tillit til innbyrðisfærslna í þeim yfirlitum sem hér eru birt nema að takmörkuðu leyti.

Rekstraryfirlit fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild sýnir jákvæðan tekjujöfnuð að upphæð 44,3 ma.kr. samanborið áætlun upp á jákvæðan tekjujöfnuð að upphæð 20,6 ma.kr. Innheimtar tekjur án fjármunatekna námu samtals 627,1 ma.kr. á meðan áætlanir gerðu ráð fyrir 618,5 ma.kr. og voru því 8,6 ma.kr. hærri. Mest munar þar um tekjuskatt einstaklinga sem var 4,9 ma.kr. yfir áætlunum og tekjur af virðisaukaskatti sem var 8,8 ma.kr. hærri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Á móti var tekjuskattur lögaðila 3,9 ma.kr. undir áætlunum og skattar á fjármagnstekjur 3,9 ma.kr. lægri en áætlanir. Tekjur vegna sölu á vöru og þjónustu og rekstrartekjur stofnana voru samtals 4,5 ma.kr. hærri en áætlað hafði verið en rekstrartekjur stofnana eru að töluverðu leyti innbyrðisfærslur og eiga sér þá mótfærslu á gjaldahlíð. Frekari greining á frávikum í tekjum er að finna í yfirliti 3. Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar námu 566,7 ma.kr. á meðan heildarfjárheimildir tímabilsins námu 573,1 ma.kr. og voru þau því 6,4 ma.kr. innan heimilda. Af þessum heimildum voru 19,6 ma.kr. hreinar ónýttar fjárveitingar frá fyrra ári og útgjöld tímabilsins því um 13,2 ma.kr. hærri en áætlun fjárlaga. Fjármagnsgjöld að frádregnum fjármunatekjum námu nettó 16,1 ma.kr. en gert hafði verið ráð fyrir að þessi tala næmi um 24,8 ma.kr. og staðan því 8,7 ma.kr. betri. Þetta skýrist annars vegar með gjaldfærðum afföllum vegna uppgreiðslu á erlendu láni og hins vegar með arðgreiðslum og tekjum frá ríkisfyrirtækjum sem eru verulega hærri en gert hafði verið ráð fyrir.

Handbært fé frá rekstri A-hluta ríkissjóðs var jákvætt um 56,2 ma.kr. á tímabilinu þar sem innstreymi nam 671,0 ma.kr. og útstreymi 614,9 ma.kr. Fjárfestingahreyfingar voru jákvæðar á tímabilinu og nam innstreymi vegna þeirra 48,7 ma.kr. þar sem greiddar afborganir af langtímakröfum námu 55,6 ma.kr. Hreint útstreymi vegna fjármögnunarhreyfinga nam 215,7 ma.kr. þar sem afborganir af langtímaskuldum námu 222,0 ma.kr. og lækkaði staða á handbæru fé um 110,8 ma.kr.

Yfirlit sem sýna sundurliðun á útgjaldaþróun eru töluvert breytt frá því sem verið hefur. Ný framsetning fjárlaga byggir á heimildum til málefnasviða en ekki til einstaka stofnana og byggja yfirlit 4 og 5 á þeirri skiptingu. Yfirlit 4 sýnir samandregna afkomu 34 málefnasviða þar sem horft er á útgjöld að frádregnum tekjum stofnana. Niðurstaða þessa yfirlits er að útgjöld að frádregnum rekstrartekjum námu 578,5 ma.kr. samanborið við áætlun að fjárhæð 591,1 ma.kr. og eru því um 12,6 ma.kr. lægri en áætlanir. Þegar fjárveitingar frá fyrra ári eru teknar út eru útgjöldin samtals 7,0 ma.kr. umfram heimildir fjárlaga. Mest munar um stöðu á málefnasvið 33, Vextir, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar sem er 5,8 ma.kr. yfir áætlunum sem skýrist að mestu með gjaldfærðum afföllum vegna uppgreiðslu á erlendu láni. Frávik annarra málefnasviða eru töluvert minni. Yfirlit númer 5 sýnir sömu niðurstöðu nema að þar eru rauntölurnar brotnar niður í eðli útgjaldanna, rekstrarframlög, rekstrartilfærslur, fjármagnstilfærslur, fjárfestingarframlög og rekstrartekjur. Yfirlit 6 sýnir síðan hagræna skiptingu útgjalda samanborið við áætlanir.

Efnahagsreikningur er ekki birtur í þessu yfirliti enda munu þær breytingar sem verið er að innleiða hafa mest áhrif á hann og mun hann því taka miklum breytingum. Í yfirliti 7 er hins vegar að finna yfirlit yfir hreyfingar á lánum ríkissjóðs.

# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs



## janúar - október 2017

### Yfirlit 1 - Rekstraryfirlit

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun	Frávik
<b>Tekjur</b>			
Skatttekjur .....	495.639	487.654	7.985
Tryggingagjöld .....	72.865	73.883	-1.019
Fjárframlög .....	93	3.071	-2.978
Aðrar tekjur .....	10.324	16.827	-6.504
Tekjur stofnana .....	48.206	37.085	11.121
<b>Tekjur samtals .....</b>	<b>627.126</b>	<b>618.521</b>	<b>8.605</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	171.992	167.673	4.319
Framlög og tilfærslur .....	242.987	247.366	-4.379
Annar rekstrarkostnaður .....	149.178	154.119	-4.941
Afskriftir .....	2.559	3.942	-1.383
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>566.716</b>	<b>573.099</b>	<b>-6.384</b>
<b>Tekjur umfram gjöld .....</b>	<b>60.411</b>	<b>45.422</b>	<b>14.989</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Arðgreiðslur, vaxtatekjur og verðbætur .....	43.879	30.330	13.549
Vaxtagjöld og verðbætur .....	59.979	55.110	-4.869
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals .....</b>	<b>-16.100</b>	<b>-24.780</b>	<b>8.680</b>
<b>Tekjujöfnuður .....</b>	<b>44.311</b>	<b>20.642</b>	<b>23.669</b>

# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs



## janúar - október 2017

### Yfirlit 2 - Sjóðstreymi

Allar tölur eru í millj.kr.

Raun

#### Handbært fé frá rekstri

<b>Innheimta</b> .....	<b>671.024</b>
Skatttekjur .....	495.639
Tryggingagjöld .....	72.865
Aðrar tekjur .....	10.416
Tekjur stofnana .....	48.206
Vaxtatekjur .....	43.879
Birgðabreyting .....	-261
Viðskiptakröfur, breyting .....	279

<b>Greiðslur</b> .....	<b>-614.868</b>
Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar .....	-321.170
Fjármagnskostnaður .....	-59.979
Framlög og tilfærslur .....	-242.987
Viðskiptaskuldir, breyting .....	9.267

**Handbært fé frá rekstri samtals** ..... **56.155**

#### Fjárfestingarhreyfingar

Fjárfesting .....	-4.595
Veitt löng lán .....	-1.775
Afborganir af langtímakröfum .....	55.632
Kaup á hlutafé og stofnfjárframlögum .....	-529
Sala hlutabréfa og eignarhluta .....	0
<b>Fjárfestingarhreyfingar samtals</b> .....	<b>48.733</b>

#### Fjármögnunarhreyfingar

Skammtímaskuldir, nettó .....	-32.245
Langtímaskuldir .....	38.528
Afborganir af langtímaskuldum .....	-221.999
<b>Fjármögnunarhreyfingar samtals</b> .....	<b>-215.716</b>

**Breyting á handbæru fé** ..... **-110.827**

# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs



## janúar - október 2017

### Yfirlit 3 - Sundurliðun tekna

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun	Frávik
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b> .....	<b>568.503</b>	<b>561.537</b>	<b>6.965</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b> .....	<b>217.060</b>	<b>219.992</b>	<b>-2.932</b>
Tekjuskattur, einstaklingar .....	133.171	128.278	4.893
Tekjuskattur, lögaðilar .....	43.369	47.249	-3.880
Skattur á fjármagnstekjur .....	40.520	44.465	-3.945
<b>Skattar á launagr. og vinnuafll</b> .....	<b>6.675</b>	<b>6.465</b>	<b>210</b>
Fjársýsluskattur .....	2.562	2.483	79
Annað .....	4.113	3.982	131
<b>Eignarskattar</b> .....	<b>7.560</b>	<b>6.772</b>	<b>788</b>
Stimpilgjöld .....	3.766	3.990	-224
Erfðafjárskattur .....	2.944	2.328	616
Aðrir eignarskattar .....	850	454	396
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b> .....	<b>253.762</b>	<b>245.113</b>	<b>8.649</b>
Virðisaukaskattur .....	185.101	176.318	8.784
Vörugjöld af ökutækjum .....	8.471	6.916	1.554
Vörugjöld af bensíni .....	10.768	10.991	-223
Olíugjald .....	9.094	8.300	795
Kolefnisgjald .....	3.237	3.290	-54
Áfengisgjald .....	14.588	14.390	198
Tóbaksgjald .....	5.090	5.587	-496
Vörugjald, umhverfisskattar .....	3.477	3.097	380
Önnur vörugjöld .....	794	1.557	-763
Sértækir þjónustuskattar .....	5.037	4.901	136
Bírfreiðagjald .....	7.191	7.122	69
Aðrir neyslu og leyfisskattar .....	913	2.645	-1.732
<b>Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti</b> .....	<b>3.534</b>	<b>2.123</b>	<b>1.410</b>
<b>Aðrir skattar</b> .....	<b>7.047</b>	<b>7.189</b>	<b>-142</b>
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra .....	2.160	2.096	64
Útvarpsgjald .....	3.407	3.255	152
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki .....	0	232	-232
Ýmsir skattar á atvinnurekstur .....	1.481	1.606	-126



Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun	Frávik
<b>Tryggingagjöld</b> .....	<b>72.865</b>	<b>73.883</b>	<b>-1.019</b>
Tryggingagjald almennt .....	49.403	50.395	-992
Fæðingaorlofssjóður .....	7.309	7.364	-55
Atvinnutryggingagjald .....	15.392	15.303	89
Önnur tryggingagjöld .....	761	822	-61
<b>Fjárframlög</b> .....	<b>93</b>	<b>3.071</b>	<b>-2.978</b>
<b>Fjármagnstekjur</b> .....	<b>43.879</b>	<b>30.330</b>	<b>13.549</b>
Dráttarvextir af skatttekjum .....	3.884	3.833	50
Aðrar vaxtatekjur .....	4.373	9.793	-5.420
Arðgreiðslur og tekjur frá ríkisfyrirtækjum .....	35.622	16.704	18.918
<b>Aðrar tekjur</b> .....	<b>8.629</b>	<b>16.201</b>	<b>-7.572</b>
Veiðigjald .....	3.680	4.213	-533
Leigutekjur .....	4	1.505	-1.500
Sala á vöru og þjónustu .....	2.312	6.856	-4.544
Sektir og skaðabætur .....	1.638	1.685	-47
Stöðugleikaframlög .....	881	81	800
Ýmsar og óskilgreindar tekjur .....	114	1.861	-1.747
<b>Sala eigna</b> .....	<b>1.695</b>	<b>627</b>	<b>1.068</b>
<b>Tekjur stofnana</b> .....	<b>48.206</b>	<b>37.085</b>	<b>11.121</b>
<b>Tekjur samtals</b> .....	<b>671.005</b>	<b>648.851</b>	<b>22.153</b>

# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs

## janúar - október 2017



### Yfirlit 4 – Málefнасvið, kostnaður að frádregnum rekstrartekjum

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Aætlun tímabils	Frávik	Frávik %	Flutt frá fyrri ári	Frávik	Frávik %
<b>Málefnasvið samtals .....</b>	<b>578.488</b>	<b>571.478</b>	<b>7.010</b>	<b>1%</b>	<b>19.646</b>	<b>-12.636</b>	<b>-2%</b>
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....	3.691	4.133	-443	-11%	314	-756	-17%
02 Dómstólar .....	1.880	1.942	-62	-3%	0	-62	-3%
03 Æðsta stjórnýsla .....	1.548	1.430	118	8%	96	22	1%
04 Utanríkismál .....	9.934	9.330	604	6%	961	-357	-3%
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	10.258	10.634	-376	-4%	1.537	-1.913	-16%
06 Grunnskrár og upplýsingamál .....	2.048	2.195	-147	-7%	125	-272	-12%
07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál .....	8.524	8.286	237	3%	1.747	-1.509	-15%
08 Sveitarfélög og byggðamál .....	15.708	16.285	-577	-4%	389	-966	-6%
09 Almanna- og réttaröryggi .....	17.437	17.963	-526	-3%	303	-829	-5%
10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnýsla innanríkismála .....	12.438	10.082	2.356	23%	47	2.309	23%
11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....	27.584	26.718	866	3%	2.718	-1.852	-6%
12 Landbúnaðarmál .....	12.666	12.737	-72	-1%	295	-366	-3%
13 Sjávarútvegur .....	3.587	3.232	355	11%	1.193	-838	-19%
14 Ferðapjónusta .....	1.619	1.311	309	24%	329	-21	-1%
15 Orku- og eldsneytismál .....	2.797	2.985	-188	-6%	68	-257	-8%
16 Markaðseftirlit og stjórnýsla atvinnumála og nýsköpunar .....	846	1.313	-466	-36%	211	-677	-44%
17 Umhverfismál .....	10.787	10.298	489	5%	3.498	-3.009	-22%
18 Menning og listir .....	7.810	7.952	-142	-2%	534	-676	-8%
19 Fjölmíðlun, íþróttar- og æskulýðsmál .....	3.995	3.998	-4	0%	11	-15	0%
20 Framhaldsskólastig .....	22.188	22.990	-803	-3%	987	-1.790	-7%
21 Háskólastig .....	25.488	27.321	-1.833	-7%	649	-2.481	-9%
22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og menningarmála .....	3.640	3.694	-55	-1%	-47	-8	0%

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun tímabils	Frávik	Frávik %	Flutt frá fyrra ári	Frávik	Frávik %
23 Sjúkrahúsjónusta .....	60.958	61.571	-614	-1%	1.511	-2.124	-3%
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....	33.273	33.593	-320	-1%	182	-502	-1%
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarpjónusta .....	33.579	33.747	-169	0%	1.480	-1.649	-5%
26 Lyf og lækningavörur .....	16.214	13.944	2.270	16%	0	2.270	16%
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks .....	41.664	39.638	2.026	5%	4	2.022	5%
28 Málefni aldraðra .....	56.332	56.421	-89	0%	0	-89	0%
29 Fjölskyldumál .....	25.344	26.619	-1.275	-5%	-244	-1.031	-4%
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....	12.617	12.333	284	2%	158	127	1%
31 Húsnæðisstuðningur .....	12.167	12.902	-735	-6%	448	-1.183	-9%
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála .....	5.472	5.257	215	4%	142	73	1%
33 Vextir, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar .....	74.399	68.623	5.776	8%	0	5.776	8%
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir .....	0	0	0	-	0	0	-

# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs

janúar - október 2017



## Yfirlit 5 - Málefнасvið yfirlit 2

Allar tölur eru í millj.kr.

	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjár- magns- tilfærslur	Fjár- festingar- framlög	Rekstrar- tekjur	Framlag ríkis- sjóðs	Áætlun tímabils	Heildar- áætlun
<b>Málefнасvið samtals .....</b>	<b>361.007</b>	<b>229.628</b>	<b>13.354</b>	<b>22.705</b>	<b>-48.206</b>	<b>578.488</b>	<b>571.478</b>	<b>591.124</b>
1 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....	3.595	57	0	136	-97	<b>3.691</b>	4.133	4.447
2 Dómstólar .....	1.881	0	0	0	-1	<b>1.880</b>	1.942	1.943
3 Æðsta stjórnarsýsla .....	1.549	26	0	1	-28	<b>1.548</b>	1.430	1.525
4 Utanríkismál .....	7.321	3.896	0	10	-1.292	<b>9.934</b>	9.330	10.291
5 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	16.101	571	0	827	-7.241	<b>10.258</b>	10.634	12.171
6 Grunnskrár og upplýsingamál .....	2.895	5	0	0	-852	<b>2.048</b>	2.195	2.320
7 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál .....	1.340	1.357	6.633	70	-876	<b>8.524</b>	8.286	10.033
8 Sveitarfélög og byggðamál .....	31	15.677	0	0	0	<b>15.708</b>	16.285	16.673
9 Almanna- og réttaröryggi .....	19.252	509	0	30	-2.355	<b>17.437</b>	17.963	18.266
10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnarsýsla innanríkismála .....	9.987	2.870	21	0	-440	<b>12.438</b>	10.082	10.129
11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....	7.967	2.859	958	17.324	-1.525	<b>27.584</b>	26.718	29.436
12 Landbúnaðarmál .....	1.417	11.578	0	0	-329	<b>12.666</b>	12.737	13.032
13 Sjávarútvegur .....	4.402	359	241	1	-1.416	<b>3.587</b>	3.232	4.425
14 Ferðaþjónusta .....	385	599	643	17	-26	<b>1.619</b>	1.311	1.640
15 Orku- og eldsneytismál .....	558	2.336	0	0	-98	<b>2.797</b>	2.985	3.053
16 Markaðseftirlit og stjórnarsýsla atvinnumála og nýsköpunar .....	3.057	173	0	0	-2.384	<b>846</b>	1.313	1.524
17 Umhverfismál .....	8.913	2.622	1.289	572	-2.609	<b>10.787</b>	10.298	13.796
18 Menning og listir .....	6.102	2.781	240	21	-1.333	<b>7.810</b>	7.952	8.486
19 Fjölmíðlun, íþróttá- og æskulýðsmál .....	3.314	664	17	0	0	<b>3.995</b>	3.998	4.009
20 Framhaldsskólastig .....	21.511	2.056	0	83	-1.463	<b>22.188</b>	22.990	23.978

Allar tölur eru í millj.kr.

	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjár- magns- tilfærslur	Fjár- festingar- framlög	Rekstrar- tekjur	Framlag ríkis- sjóðs	Áætlun tímabils	Heildar- áætlun
21 Háskólastig .....	24.820	7.934	0	1.078	-8.344	<b>25.488</b>	27.321	27.969
22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og menningarm. ....	2.693	1.444	0	0	-497	<b>3.640</b>	3.694	3.647
23 Sjúkrahúsþjónusta .....	66.554	2.035	0	1.281	-8.913	<b>60.958</b>	61.571	63.082
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....	19.108	16.109	0	1	-1.945	<b>33.273</b>	33.593	33.775
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta .....	33.815	137	75	1.202	-1.651	<b>33.579</b>	33.747	35.228
26 Lyf og lækningavörur .....	5.950	10.264	0	0	-1	<b>16.214</b>	13.944	13.944
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks .....	122	41.551	0	0	-8	<b>41.664</b>	39.638	39.642
28 Málefni aldraðra .....	22	56.314	0	0	-4	<b>56.332</b>	56.421	56.421
29 Fjölskyldumál .....	2.519	22.895	0	2	-72	<b>25.344</b>	26.619	26.375
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....	3.257	10.677	0	0	-1.317	<b>12.617</b>	12.333	12.491
31 Húsnæðisstuðningur .....	164	8.718	3.236	49	0	<b>12.167</b>	12.902	13.350
32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála .....	6.006	556	0	0	-1.090	<b>5.472</b>	5.257	5.399
33 Vextir, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar .....	74.399	0	0	-0	0	<b>74.399</b>	68.623	68.623
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir .....	0	0	0	0	0	<b>0</b>	0	0

# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs

janúar - október 2017

Yfirlit 6 - Hagraen skipting



Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Aætlun tímabils	Frávik	Helgaar- áætlun	Frávik
<b>Rekstrargjöld .....</b>	<b>361.007</b>	<b>345.921</b>	<b>15.085</b>	<b>353.157</b>	<b>7.850</b>
Laun .....	157.177	149.534	7.642	154.052	3.125
Lífeyrisskuldbindingar .....	14.800	13.393	1.407	13.393	1.407
Afskriftir .....	2.559	3.721	-1.162	3.942	-1.383
Önnur gjöld .....	126.890	124.163	2.727	126.661	230
Fjármagnskostnaður .....	59.580	55.110	4.470	55.110	4.470
<b>Rekstrartilfærslur .....</b>	<b>229.628</b>	<b>227.764</b>	<b>1.864</b>	<b>230.680</b>	<b>-1.051</b>
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....	57	41	16	41	16
02 Dómstólar .....	0	6	-6	6	-6
03 Æðsta stjórnýsla .....	26	47	-20	48	-21
04 Utanríkismál .....	3.896	3.561	335	4.041	-145
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	571	552	20	578	-7
06 Grunnskrár og upplýsingamál .....	5	0	5	0	5
07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál .....	1.357	1.145	212	1.314	43
08 Sveitarfélög og byggðamál .....	15.677	16.280	-603	16.669	-992
09 Almanna- og réttaröryggi .....	509	333	176	336	173
10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnýsla innanríkismála .....	2.870	2.936	-66	2.936	-66
11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....	2.859	2.126	733	1.670	1.189
12 Landbúnaðarmál .....	11.578	11.691	-113	11.949	-371
13 Sjávarútvegur .....	359	286	73	1.142	-783
14 Ferðaþjónusta .....	599	455	145	418	182
15 Orku- og eldsneytismál .....	2.336	2.479	-143	2.507	-171

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun tímabils	Frávik	Heildar- áætlun	Frávik
16 Markaðseftirlit og stjórnsýsla atvinnumála og nýsköpunar .....	173	121	52	182	-9
17 Umhverfismál .....	2.622	2.528	93	2.574	48
18 Menning og listir .....	2.781	2.844	-63	3.035	-254
19 Fjölmiðlun, íþróttá- og æskulýðsmál .....	664	704	-40	706	-42
20 Framhaldsskólastig .....	2.056	1.693	364	1.770	286
21 Háskólastig .....	7.934	8.439	-505	8.521	-587
22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála .....	1.444	1.382	62	1.437	7
23 Sjúkrahúsþjónusta .....	2.035	1.531	505	1.694	342
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....	16.109	14.847	1.261	14.847	1.261
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta .....	137	-158	296	7	130
26 Lyf og lækningavörur .....	10.264	9.041	1.223	9.041	1.223
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks .....	41.551	39.423	2.128	39.426	2.124
28 Málefni aldraðra .....	56.314	56.402	-88	56.402	-88
29 Fjölskyldumál .....	22.895	24.019	-1.124	24.274	-1.379
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....	10.677	10.962	-285	10.975	-298
31 Húsnæðisstuðningur .....	8.718	11.426	-2.709	11.426	-2.709
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála .....	556	622	-67	709	-153
<b>Fjármagnstilfærslur .....</b>	<b>13.354</b>	<b>11.743</b>	<b>1.611</b>	<b>16.686</b>	<b>-3.332</b>
07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál .....	6.633	6.724	-91	8.187	-1.554
09 Almanna- og réttaröryggi .....	0	13	-13	13	-13
10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla innanríkismála .....	21	0	21	0	21
11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....	958	617	341	1.238	-280

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun tímabils	Frávik	Heildar- áætlun	Frávik
13 Sjávarútvegur .....	241	486	-244	576	-334
14 Ferðaþjónusta .....	643	557	86	687	-44
17 Umhverfismál .....	1.289	924	365	2.235	-947
18 Menning og listir .....	240	155	85	198	42
19 Fjölmiðlun, íþróttá- og æskulýðsmál .....	17	20	-3	20	-3
20 Framhaldsskólastig .....	0	146	-146	146	-146
21 Háskólastig .....	0	0	0	-1	1
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta .....	75	781	-706	1.620	-1.545
31 Húsnæðisstuðningur .....	3.236	1.319	1.917	1.767	1.469
<b>Annað .....</b>	<b>22.705</b>	<b>23.134</b>	<b>-429</b>	<b>27.686</b>	<b>-4.981</b>
Fjárfestingarframlög .....	22.705	23.134	-429	27.686	-4.981
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>626.694</b>	<b>608.563</b>	<b>18.132</b>	<b>628.209</b>	<b>-1.515</b>



# Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs

## janúar - október 2017



### Yfirlit 7 - Lánayfirlit

	Árslok	Hreyfingar á árinu 2017			Októberlok
	2016	Tekin/veitt			2017
<i>Allar tölur eru í millj.kr.</i>	Samtals	lán	Afborgun	Endurmat	Samtals
<b>Veitt löng lán, nettó</b> .....	<b>154.683</b>	<b>1.775</b>	<b>-55.632</b>	<b>492</b>	<b>101.317</b>
<b>Veitt löng lán</b> .....	<b>158.516</b>	<b>1.775</b>	<b>-55.632</b>	<b>492</b>	<b>105.150</b>
Veitt lán til Seðlabanka Íslands .....	-	-	-	-	0
Veitt lán, önnur .....	158.516	1.775	-55.632	492	105.150
<b>Næsta árs afborganir fl. á skammtímakröfur</b> .....	<b>-3.833</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-3.833</b>
<b>Tekin löng lán, nettó</b> .....	<b>-1.064.049</b>	<b>-38.528</b>	<b>216.470</b>	<b>-4.608</b>	<b>-890.715</b>
<b>Tekin löng lán</b> .....	<b>-1.109.145</b>	<b>-38.518</b>	<b>216.470</b>	<b>-4.608</b>	<b>-935.801</b>
Spariskírteini .....	-203.665	-378	609	-2.857	-206.291
Ríkisbréf .....	-624.983	-38.016	81.678	0	-581.321
Seðlabanki Íslands .....	-28.500	0	28.500	0	0
Önnur innlend lán .....	-50.049	-124	3.562	-674	-47.285
Erlend lán .....	-201.949	0	102.121	-1.076	-100.904
<b>Næsta árs afborganir fl. á skammtímaskuldir</b> .....	<b>45.096</b>	<b>-10</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>45.086</b>

1) Eignaaukning eða skuldaminunkun = -